

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþings
Austurstræti 8-10
Alþingi

Reykjavík 11.03.02


Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði, 306. mál.

Samtök iðnaðarins lýsa ánægju með ofangreinda tillögu til þingsályktunar enda sýnir hún áhuga á framgangi íslensks skipaiðnaðar.

Eins og fram kemur í greinargerð er um þessar mundir að ljúka viðamikilli úttekt á starfsskilyrðum skipaiðnaðarins í samanburði við önnur lönd innan ESB. Í ljósi hennar verða jafnframt gerðar tillögur um aðgerðir á einstökum sviðum sem lúta að því að bæta starfsumhverfið og jafna það eftir föngum í samræmi við það sem erlendir keppinautar búa við. Ennfremur verða kynntar nauðsynlegar aðgerðir innan fyrirtækjanna sjálfra til að bæta rekstur og menntun starfsfólks.

Samtök iðnaðarins leggja því áherslu á að takast megi að koma væntanlegum tillögum um endurreisn íslensks skipaiðnaðar í framkvæmd. Til þess gæti nefndarskipan af hálfu ríkisstjórnarinnar, eins og lagt er til í þingsályktunartillögunni, komið að gagni. Mjög þýðingarmikið er að unnið sé markvisst að því að koma hið allra fyrsta á þeim úrbótum sem þar verða lagðar til og allir leggist þar á eitt: ríkisvaldið, fyrirtækin, starfsmenn þeirra og viðkomandi hagsmunasamtök.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Ingólfur Sverrisson
deildarstjóri